

Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 25. maí 2014, kl. 17:00

Sungið um ástina og hafið




Einsöngvari:
Sólrun Bragadóttir, sópran


Stjórnandi:
Oliver Kentish



Frederick Delius



Ernest Chausson



Franz Schubert

Aðgangseyrir er kr. 2000, afsláttarverð fyrir nemendur og eldri borgara kr. 1000

Efnisskrá:

Frederick Delius: Summer Night on the River
On Hearing the First Cuckoo in Spring

Ernest Chausson: Poème de l'amour et de la mer, Op. 19.
La Fleur des eaux
Interlude
La Mort de l'amour

HLÉ

F. Schubert: Sinfónía nr. 8 í h-moll, „Ófullgerða“
Allegro moderato
Andante con moto

HÖFUNDAR, TÓNVERK OG FLYTJENDUR:



Frederick Delius (1862-1934) fæddist í Englandi og ólst þar upp. Foreldrar hans voru hins vegar þýskir og hann bjó lengst af starfsævi sinnar í Frakklandi. Verk hans voru samt lengi illa þekkt í Frakklandi en urðu vinsæl í Englandi. Þjóðernið er sem sé á reiki, ef til vill best að kalla hann evrópskt tónskáld. Delius samdi tónlist sem minnir á náttúrulýsingar, jafnvel enska sveitasælu. Tónaljóðin „Sumarkvöld á ánni“ og „Að heyra fyrsta gauk vorsins“ eru meðal þekktustu verka hans.

Þau voru samin 1911 og 1912 og eru dæmigerð fyrir þennan náttúrulýsingarstíl. Þar má merkja stemmningar úr enskri sveit. Verkin eru hins vegar samin í Frakklandi og aðalstefið í því seinna er fengið að láni úr norsku þjóðlagi.

Ernest Chausson (1855-1899) var franskt tónskáld. Hann var af efnaðri fjölskyldu og hóf störf sem lögfræðingur en fékk snemma brennandi áhuga á tónlist og hóf nám við Tónlistarháskólann í París. Kennarar hans voru meðal annarra Massenet og César Franck. Hann var ekki afkastamikill tónskáld og við bætist að ævi hans varð fremur stutt. Hann dó af völdum reiðhjólaslyss. Eftir hann liggja þó allmörg ljóð, nokkrar óperur, sínfónía, nokkur kammerverk, og Poeme fyrir fiðlu og hljómsveit.



Ljóð um ást og hafið samdi Chausson á löngu tímabili. Fyrstu drög eru frá 1882 þegar hann var enn nemandi Cesar Franck. Chausson lauk ekki við tónverkið fyrr en 1890 og var það frumflutt 1893 í Brussel. Frumgerðin var skrifuð fyrir tenórsöngvara og píanó og lék tónskáldið sjálft á píanóið. Hljómsveitargerðin var frumflutt sama ár. Verkið er samið við tvö ljóð með millikafla sem hljómsveitin leikur. Ljóðin eru eftir vin Chausson, Maurice Bouchor. Fyrra ljóðið nefnist Blóm vatnanna, en hið síðara Dauði ástarinnar. Þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan höfum við ekki fundið heimildir um að þetta undurfagra verk hafi verið flutt áður hér á landi.

Ljóðin eru ekki til í íslenskri þýðingu svo okkur sé kunnugt, en ensk þýðing fylgir hér með til glöggvunar.



Franz Schubert (1797-1828) var ótrúlega afkastamikið tónskáld og lét eftir sig mikinn fjölda verka þrátt fyrir stutta ævi. Meðal verka hans eru nokkrar óperur og söngleikir, leikhústónlist, sjö messur, níu sínfónúr, strengjakvartettar og fleiri kammerverk, 20 píanósónötur, sönötur fyrir ýmis önnur hljóðfæri og margt fleira. Þekktastur varð hann þó ef til vill fyrir ljóðin. Hann samdi meira en 600 lög við ljóð ýmissa skálda. Hann hafði gjarnan mörg járn í eldinum og þegar hann lést var allmörgum verkum ólokið, þar á meðal nokkrum sönötum og sínfónúm á ýmsum stigum sköpunar. Langfrægust þeirra er Ófullgerða sínfónían í h-moll. Þættirnir tveir, sem varðveittir eru, voru samdir 6 árum fyrir andlát Schuberts. Hann sendi handritið ári seinna til vinar síns sem virðist hafa sett það niður í skúffu þar sem það lá í 40 ár. Til eru drög að þriðja kafla sínfóníunnar en lengra komst tónskáldið ekki. Verkið var að lokum dregið fram í dagsljósið og frumflutt í Vínarborg 1865, 43 árum eftir að það var samið. Margar kenningar hafa verið settar fram um ástæður þess að Schubert lauk ekki verkinu. Líklegust þykir sú að hann greindist með sýfilis um þessar mundir, sem á þessum tíma var ólæknandi. Ekki er ólíklegt að þetta hafi slegið hann út af laginu við tónsmíðarnar. Aðrir benda á að hugsanlega hafi Schubert skrifað fleiri kafla en notað þá í annað. Til dæmis er bent á að millikafli úr Rósamundu, sem skrifaður var um svipað leyti, er í sömu tóntegund og hefur sömu hljóðfæraskipan og sínfónían ófullgerða, m.a. þrjár básúnur sem var fremur óvenjulegt á þessum tíma. Enn má geta sér þess til að höfundinum hafi einfaldlega þótt nóg að gert. Svo mikið er víst að þessir tveir kaflar mynda sérkennilega góða heild, nánast eins og öllum viðbótum væri ofaukið. Sínfóníuhljómsveit áhugamanna hefur flutt þessa sínfóníu nokkrum sinnum áður, síðast á tónleikum í Seltjarnarneskirkju í mars 2009 undir stjórn Olivers Kentish.

Sólrún Bragadóttir er tvímælalaust meðal þekktustu söngvara íslenskra. Að loknu námi í Tónlistarskólanum í Reykjavík fór hún til náms í Tónlistarháskólanum í Bloomington í Indiana, Bandaríkjunum. Þaðan lauk hún meistaraþráðu í einsöng og kennslu. Meðal kennara hennar þar var hin þekktá rúmenska söngkona Virginia Zeani. Sólrún hefur starfað við helstu óperu- og leikhús í Þýskalandi, til dæmis í Kaiserslautern, Hannover, Düsseldorf, Mannheim, München, Karlsruhe, Kiel, Kassel og Heidelberg. Hún hefur einnig starfað í Írlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Japan og víðar. Hér á landi hefur hún tekið þátt í óperuuppfærslum svo sem *Così fan tutte* eftir Mozart (1997), *La Bohème* eftir Puccini (2001) og *Pagliacci* eftir Leoncavallo (2008). Hún er óvenju fjölhæfur listamaður, hefur oft komið fram sem einsöngvari með hljómsveitum, tekið þátt í óperum, söngleikjum, ljóðatónlist, óratoríum og sungið Vínartónlist. Undanfarin ár hefur hún þróað það sem hún kallar „söngheilun“ þar sem hún spinnur laglínur og tóna fyrir fólk sem liggur fyrir í slökun. Sólrún hefur búið í Danmörku um árabil en flutti sig nýverið til Ítalíu. Þaðan kemur hún núna til að flytja með okkur söngljóðaflokk Chaussons.



Poem of love and the sea

Chausson (1890)

The flower of the waters

I

The air is filled with an exquisite scent of lilac
which, flowering from the top of the walls to the bottom,
perfumes the women's hair.
The whole sea goes to the great sun to be set aglow,
and, over the fine sand which they come to kiss,
dazzling waves roll.

Oh sky which has to wear the colour of her eyes,
breeze which goes to sing in the lilacs in bloom
so as to come out of them all scented,
streams which will moisten her dress, o green paths,
you who tremble beneath her dear little feet,
let me see my beloved!

II

And my heart arose on this summer's morning;
for a beautiful girl was on the beach,
letting eyes full of brightness wander over me,
and which smiled to me with a tender and wild expression.

You whom youth and love transfigured,
you appeared to me like the soul of all things;
my heart flew towards you, you took it forever,
and roses rained upon us from the part-opened des sky.

III

What mournful and wild sound
will sound the hour of farewell!
The sea rolls over the beach,
teasing, and hardly concerning itself
that it is the hour of farewell.

Birds pass by, wings outspread,
nearly joyful over the deep;
in the full sun the sea is green,
and, silent, I bleed
looking at the heavens shining.

I bleed as I look at my life
about to depart over the waves;
my very soul is taken from me
and the deep clamour of the waves
covers the sound of my sobs.

Who knows if this cruel sea
will guide her back towards my heart?
My stare is fixed on her,
the sea is singing, and the mocking wind
jeers at the anguish of my heart.

Poème de l'amour et de la mer

Chausson (1890)

La fleur des eaux

I

L'air est plein d'une odeur exquise de lilas
Qui, fleurissant du haut des murs jusqu'au bas,
Embaument les cheveux des femmes.
La mer au grand soleil va toute s'embraser,
Et sur le sable fin qu'elles viennent baiser
Roulent d'éblouissantes lames.

O ciel qui de ses yeux dois porter la couleur,
Brise qui vas chanter dans les lilas en fleur
Pour en sortir toute embaumée,
Ruisseaux qui mouillerez sa robe, o verts sentiers,
Vous qui tressaillerez sous ses chers petits pieds,
Faites-moi voir ma bien-aimée!

II

Et mon cœur s'est levé par ce matin d'été;
Car une belle enfant était sur le rivage,
Laissant errer sur moi des yeux pleins de clarté,
Et qui me souriait un air tendre et sauvage.

Toi que transfiguraient la jeunesse et l'amour,
Tu m'apparus alors comme l'âme des choses;
Mon cœur vola vers toi, tu le pris sans retour,
Et du ciel entr'ouvert pleuvaient sur nous roses.

III

Quel son lamentable et sauvage
Va sonner l'heure de l'adieu!
La mer roule sur le rivage,
Moqueuse, et se souciant peu
Que se soit l'heure de l'adieu.

Des oiseaux passent, l'aile ouverte,
Sur l'abîme presque joyeux;
Au grand soleil la mer est verte,
Et je saigne silencieux
En regardant briller les cieux.

Je saigne en regardant ma vie
Qui va s'éloigner sur les flots;
Mon âme unique m'est ravie
Et la sombre clameur des flots
Couvre le bruit de mes sanglots.

Qui sait si cette mer cruelle
La ramènera vers mon cœur?
Mes regards sont fixés sur elle,
La mer chante, et le vent moqueur
Raille l'angoisse de mon cœur.

The death of love

IV

Soon the blue and joyful isle
will appear to me among the rocks:
the isle will float upon the silent water
like a water-lily.

Across the amethyst sea
the boat gentle slips,
and I shall be joyful and sad
to remember so much _ soon!

V

The wind rolled the dead leaves; my thoughts
rolled like the dead leaves, in the night.
Never had the thousands of golden roses, from which
fall the dews, sparkled so softly in the black sky.

A terrifying dance, and the crumpled leaves
which gave out a metallic sound, waltzed,
seemed to moan beneath the stars, and told of
the inexpressible horror of the dead loves.

The great silver beaches which the moon kissed
were ghosts: me, all my blood froze
upon seeing my beloved smiling strangely.

Our brows had paled like the brows of the dead,
and, silent, leaning towards her, I was able to read
that fatal word written in her large eyes: oblivion.

VI

The season for lilac and the season for roses
will not come back again to this spring;
the season for lilac and the season for roses
is passed, the season for carnations too.

the wind has changed, the skies are morose,
and we shall never again go to run, and gather
the lilac in bloom and the beautiful roses;
the spring is sad and cannot blossom.

Oh! Joyful and sweet springtime of the year
which came, last year, to light us with its sunshine,
our flower of love is so withered,
alas, that your kiss cannot awaken it!

And you, what are you doing? No flowers in bloom,
no happy sun nor cool shade;
the season for the lilac and the season for roses
with our love has died forever.

Ensk þýðing eftir Christopher Goldsack

La mort de l'amour

IV

Bientôt l'île bleue et joyeuse
Parmi les rocs m'apparaîtra:
L'île sur l'eau silencieuse
Comme un nénuphar flottera.

A travers la mer d'améthyste
DouceMENT glisse le bateau,
Et je serai joyeux et triste
De tant me souvenir _ bientôt!

V

Le vent roulait les feuilles mortes; mes pensées
Roulaient comme les feuilles mortes, dans la nuit.
Jamais si doucement au ciel noir n'avaient lui
Les milles roses d'or d'où tombent les rosées.

Une danse effrayante, et les feuilles froissées,
Et qui rendaient un son métallique, valsaient,
Semblaient gémir sous les étoiles, et disaient
L'inexprimable horreur des amours trépassées.

Les grands hêtres d'argent que la lune baisait
Étaient des spectres: moi, tout mon sang se glaçait
En voyant mon aimée étrangement sourire.

Comme des fronts de morts nos fronts avaient pâli,
Et, muet, me penchant vers elle, je pus lire
Ce mot fatal écrit dans ses grands yeux: l'oubli.

VI

Le temps des lilas et le temps des roses
Ne reviendra plus à ce printemps ci;
Le temps des lilas et le temps des roses
Est passé, le temps des œillets aussi.

Le vent a changé, les cieux sont moroses,
Et nous n'irons plus courir, et cueillir
Les lilas en fleur et les belles roses;
Le printemps est triste et ne peut fleurir.

Oh! joyeux et doux printemps de l'année
Qui vins, l'an passé, nous ensoleiller,
Notre fleur d'amour est si bien fanée,
Las! que ton baiser ne peut l'éveiller!

Et toi, que fais-tu? pas de fleurs écloses,
Point de gai soleil ni d'ombrages frais;
Le temps des lilas et le temps des roses
Avec notre amour est mort à jamais.

Maurice Bouchor

Að þessu sinni er **Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** þannig skipuð:

Konsertmeistari: Hildigunnur Rúnarsdóttir

1. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Sigrún Andrésdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Jelena Kuzminova
Rós Pétursdóttir

2. fiðla

Hekla Arnardóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Alasdair Barbour
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Páll E. Ingvarsson
Sölvi Karlsson
Elín Björk Jónasdóttir
Súsanna Friðriksdóttir
Finnur Jónsson

Selló

Páll Einarsson
Anna Jörunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Sverrir Teitsson
Matylda Hermanska

Kontrabassi

Roine Hultgren
Jón Hörður Jónsson
Leifur Benediktsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir
Karen Erla Karólínudóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Jóhann Ingólfsson

Fagott

Alexander Reid
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Brynjar Björnsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Hjálmar Sigurbjörnsson

Básúna

Finnbogi Darri Guðmundsson
Þorsteinn Már Arinbjarnarson
Finnbogi Óskarsson

Pákur

Eggert Pálsson

Harpa

Elísabet Waage

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:
www.ahugasinfonia.is

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning.
Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2014.



Reykjavíkurborg



www.gudjono.is • Sími 511 1234

